

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2024, þriðjudaginn 16. janúar kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1142. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Arnarholt. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir og Sigrún Reynisdóttir. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. **Almannadalur 9 - BN060970** Sótt er um leyfi til að byggja hesthús, fjögur rými í einni lengju á tveimur hæðum með kaffistofu og stoðrymi á efri hæð í húsi nr. 9 á lóð nr. 9-15 við Almannadal.
Stærð: 547,2 ferm., 1.817,4 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hönnuða ódagsett, greinargerð verkfræðings dags. 18. apríl 2022 og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 9. maí 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2022, bréf skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí 2022 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2024.
Gjald kr.12.600.
Frestað. Vísað til athugasemda
2. **Ármúli 31 - D-hús - USK23070201** Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, átta hæða fjölbýlishús með bílakjallara fyrir 122 bíla, einangrað og klætt að utan, fimm stigahús með 133 íbúðum og þjónustu/verslun á 1. hæð, á reit D á Orkureitnum á lóð nr. 31 við Ármúla.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, samræmist deiliskipulagi.
Stærð, A-rými: 19.035,1 ferm., 62.183,5 rúmm. B-rými: 617 ferm.
Samtals 19.652,1 ferm., 63.153,3 rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
3. **Bankastræti 2 - USK23120020** Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi vegna breytinga á brunavörnum í veitingahúsi í flokki 2 tegund ? fyrir ? gesti í húsinu Lækjarbrekku, mhl.01 við Bankastræti 2 á lóð nr. 2 við Bankastræti.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.
4. **Bitruháls 2 - USK23110303** Sótt er um stöðuleyfi fyrir fjóra 40 feta gáma með opnun inní lagerrými á norðurhlið húss á lóð nr. 2 við Bitruháls.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.
5. **Bjargargata 1 - USK23110319** Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23080204 með því að innrétta rými sem áður var óinnréttað fyrir veitingastað í flokki 2 teg. C í húsi nr. 1 við Bjargargötu.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda
6. **Bjarnarstígur 9 - USK23050253** Sótt er um leyfi til að byggja svalir á 2. og rishæð á fjölbýlishúsi á lóð nr. 9 við Bjarnarstíg.
Samþykki eiganda liggur fyrir.
Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Bjarnarstíg 7 og 11 og Kárástíg 12,

frá 8. desember 2023 til og með 9. janúar 2024. Engar athugasemdir bárust.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto: eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

7. Blesugróf 30 - USK24010032 Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt einnar hæðar einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 30 við Blesugróf.
Stærð: 286,3 ferm., 1.053,5 rúmm.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.
8. Borgartún 6 - USK23120132 Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að breyta klæðningu á fjölbýlishúsi á lóð nr. 6 við Borgartún.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.
9. Bræðraborgarstígur 2/Mýrargata 21 - BN060119 Sótt er um leyfi til að byggja kirkju og safnaðarheimili úr járnbentri steinsteypu, safnaðarheimilið á þremur hæðum, í kjallara m.a. helst stoðrymi og tengigangur, á fyrstu hæð eru m.a. eldhús, skrifstofa, salur og stoðrymi, á annarri hæð er salur og stoðrymi, fyrir 2 starfsmenn, 28 gesti á fyrstu hæð og 70 gesti á annarri hæð, kirkjan er á tveimur hæðum, í kjallara og aðkomuhæð eru salir og stoðrymi fyrir að hámarki 250 manns í húsi á lóð nr. 21-23 við Mýrargötu.
Stærð: 1.029,8 ferm., 6.915,5 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hljóðvistar kirkju dags. 14. október 2021 og safnaðarheimilis dags. 2. desember 2021, greinargerð brunahönnuðar dags. 22. október 2021.
Erindi fylgir breyttur lóðaruppráttur dags. 28. febrúar 2022 og afrit uppráttar af breyttu deiliskipulagi auglýst í B-deild stjórnartíðindum þann 25. febrúar 2022.
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar vegna snyrtinga dags. 17. mars 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. maí 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 16. maí 2022.
Gjald kr. 12.100.. BN060119
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Ljúka þarf sameiningu lóða fyrir útgáfu byggingarleyfis.
10. Brúnavegur 12 - USK23080165 Sótt er um leyfi til að stækka svalir og setja heitan pott við hús á lóð nr. 12 við Brúnaveg.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Bólstaðarhlíð 12 - USK23120224 Sótt er um leyfi til að breyta geymslurými og bílskúr í vinnurými á lóð nr. 12 við Bólstaðarhlíð.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.
12. Dalaland 16 - USK23120035 Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í kjallara ásamt því að breyta mörkum eigna í kjallara fjölbýlishúss nr. 4 á lóð nr. 1-16 við Dalaland.
Erindi fylgir breytingarskjal.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.
13. Dugguvogur 46 - USK23060257 Sótt er um leyfi til að byggja göngubrú með stiga- og lyftuturnum beggja vegna, úr forsmíðuðum stáleiningum yfir Sæbraut frá mótum Snekkju- og Barðavogar yfir á lóð nr. 46 við Dugguvog.
Erindi var grenndarkynnt frá 21. júlí 2023 til og með 21. ágúst 2023. Engar athugasemdir bárust.
Erindi fylgir bréf lóðarhafa Dugguvogar 46 dags. 31. júlí 2023.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
14. Dugguvogur 53 - USK23110202 Sótt er um leyfi til að breyta samkomusal í skrifstofur / vinnurými með sameiginlegri kaffi og salernisaðstöðu í húsi nr. 53 við Dugguvog.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
15. Elliðaárdalur - göngu og hjólabrú við Grænugróf - USK23100209 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta bitabrú, hjóla- og göngubrú yfir Elliðaár sem tengir Breiðholt og Árbæ.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2024 fylgir erindi.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.
16. Faxafen 14 - USK23100278 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og koma fyrir vörulager með matvöru fyrir netverslunarfyrirtæki með allt að 10 starfsmönnum í rýmum 0103 og 0104 í verslunar- og iðnaðarhúsi á lóð nr. 14 við Faxafen.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 2. mars 2021.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda
17. Fornhagi 22 - USK23120033 Sótt er um leyfi að breyta erindi BN050099 þannig að sótt er um að stækka íbúð í kjallara í fjölbýlishúss á lóð nr. 22 við Fornhaga
Erindi fylgir mæliblað dags. 21. febrúar 1951.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.
18. Frakkastígur 1 - USK23110212 Sótt er um leyfi til að byggja 7 hæða fjölbýlishús með 10 íbúðum á lóð nr 1 við Frakkastíg.
Erindi fylgir mæliblað dags. 14. júní 2022.
Stærð: 1.531,6 ferm., 5.190 rúmm.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Lagfæra skráningu.
19. Freyjugata 30 - USK23070001 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN056130 vegna lokaúttektar þannig að gluggar eru teknir út og komið fyrir hurð á austurhlíð

bílskúrs, mhl.02, á lóð nr. 30 við Freyjugötu.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

20. Grandagarður 16 - USK24010033 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23010305 þannig að brunalokun og innra skipulagi í eldhúsi er breytt, að bæta neyðarlýsingu, merkja slökkvitæki inn á teikningu og breyta brunatexta í byggingarlýsingu húss á lóð nr. 16 við Grandagarð.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
21. Grandagarður 23 - USK23110062 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi veitingarstaðar í atvinnuhúsnæði á lóð nr. 23-25 við Grandagarð. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á aðaluppdrætti dags. 24. mars 2021. Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
22. Grensásvegur 1B - USK23120131 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059173 vegna lokaúttektar þannig að smávægilegar breytingar eru gerðar á innra skipulagi og staðsetningu reyklosunar í kjallara, inntök eru færð til að koma fyrir áhaldageymslu í rými 0051, reykskynjurum er bætt við og hæðarkótum svala breytt í fjölbýlishúsi með atvinnu-og þjónusturýmum á jarðhæð við Grensásveg 1B, mhl.03, á lóð nr. 1 við Grensásveg.
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 15. nóvember 2023 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 8. júní 2021.
Gjald kr.14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.
23. Hafnarstræti 1-3 - USK23070106 Sótt er um leyfi til þess að stækka veitingarstað í flokki II tegund A fyrir alls 200 gesti með því að breyta í veitingasal skrifstofu í austurenda efri hæðar, koma fyrir vatnsúðakerfi í hluta byggingar og glugga og nýjum flóttastiga á norðurhlíð veitinga- og verslunarhúss á lóð nr. 1-3 við Hafnarstræti.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. september 2023, samþykki meðeigenda dags. 17. júlí 2023, greinargerð Öruggr efh. um brunavarnir dags. 3. nóvember 2022 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 11. júlí 2019, 21. mars 2019 og 7. mars 2023. Ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda
24. Hamrahlíð 17 - USK23120121 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060168 þannig að komið er fyrir lyftu í húsi á lóð nr. 17 við Hamrahlíð Fyrir breytingu: xx ferm., xx rúmm. Eftir breytingu: xx ferm, xx rúmm. Erindi fylgir Gjald kr. 14.500.
Frestað. Lagfæra skráningu.
25. Haukahlíð 2 - USK23100216 Sótt er um leyfi til að byggja 3ja áfanga fjölbýlishússins Haukahlíðar 2, 72 íbúðir í þremur stigahúsum sem verða Haukahlíð 8, 10 og 12, jafnframt er sótt um leyfi til að breyta erindi BN061145 þannig að innra skipulagi íbúða, stærðum og lagnastokkum hefur verið breytt, öll stigahús eru sameinuð í einn matshluta, sem í verða 195 íbúðir og 101 bílastæði í kjallara ásamt þremur djúpgámasettum á lóð nr. 2 við Haukahlíð.
Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Eflu dags. 27. október 2023 og yfirlit

breytinga á fyrri áfanga. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2024 fylgir erindi.
Stærð 3ja áfanga: xx ferm., xx rúmm.
Stærð alls: 25.252,8 ferm., 75.284,1 rúmm.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Hlíðarfótur 15 - USK23080203 Sótt er um leyfi til þess að innrétta skrifstofu fyrir 14 manns í rými 0102 í atvinnu- og íbúðarhúsi við Hlíðarfót 15, mhl.05, á lóð nr. 5 við Haukahlíð.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti af samþykktum aðaluppdráttum uppsettum á teikningu 002 dags. 31. október 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
27. Hverfisgata 44A - USK23120148 Sótt er um að breyta erindi USK23060146 vegna lokaúttektar á lóð nr. 44A við Hverfisgötu.
Gjald kr. 15.400.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
28. Hólaland - USK23100249 Sótt er um leyfi til þess byggja, úr þremur samsettum gámaeiningum, sem byggt er yfir og klætt utan með timur- eða liggjandi áklæðningu, hús, mhl.02, með geymslu, vinnustofu og líkamsrækt fyrir íbúa búsetukjarna á lóðinni Hólaland, Kjalarnesi.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 30. nóvember 2023 og ljósmyndir af lóð. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2024 fylgir erindi.
Stærð mhl.02:
178.2 ferm., 478.7 rúmm.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.
29. Hólmvað 48 - USK23120164 Sótt er um leyfi að breyta þaki og klæðningu á raðhús á lóð nr. 38-52 við Hólmvað.
Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 14. desember 2023.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.
30. Kringlan 8-12 - USK23110042 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 3.hæð, innrétta veitingastað í flokki II teg. A innrétta verslunarrými, ásamt millilofti tilheyrandi veitingastað. í mhl. 03 á lóð nr 8-12 við Kringluna.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
31. Kringlan 8-12 - USK23110173 Sótt er um leyfi að breyta innra fyrirkomulagi og opna milli eininga 242 og 242 í á 2. hæð í verslunar húsnæði á lóð nr. 8-12 við Kringlunni
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.
32. Krókháls 6 - USK23120034 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057705, með síðari breytingum BN058357, BN058497, BN060906 og BN061074, þannig að innra skipulag rýmis 0201 er breytt og samantekt um brunavarnir er uppfærð fyrir iðnaðar-og skrifstofuhús á lóð nr. 6 við Krókháls.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Langirimi 21-23 - USK23020163 Sótt er um leyfi til að innrétta íbúðir á 2. hæð húss á lóð nr. 21-23 við Langaríma. Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
34. Lokastígur 28A - USK23010050 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta gististað í fl. II í húsi á lóð nr. 28A við Lokastíg.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 4. og 5. janúar 2023 og samþykki eigenda dags. 4. janúar 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
35. Lynghál 4 - USK23120223 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053059 vegna lokaúttektar þannig að rafhleðslustöðvum hefur verið fjölgað, búnaði við örugg svæði fyrir hreyfihamlaða og brunastúku við bílgeymslu breytt í atvinnuhúsi á lóð nr. 4 við Lynghál.
Erindi fylgir yfirlit breytinga
Gjald kr. 15.500.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
36. Njálsgata 1 - USK23110085 Sótt er um leyfi til þess að sameina rými 0001 og 0002 og innrétta veitingastað í flokki II, tegund ?, fyrir alls 30 gesti í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 1 við Njálsgötu.
Erindi fylgir umboð eiganda dags. 10. janúar 2024, greinargerð hönnuðar dags. 10. janúar 2024, greinargerð hönnuðar dags. 7. nóvember 2023, burðarvirkisteikning frá verkfræðistofu Stoð ehf dags. 7. nóvember 2023 og yfirlit breytinga á aðaltekningu samþykktri 31. maí 2016. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2024 fylgir erindi.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.
37. Rafstöðvarvegur 15 - Stöðuleyfi - USK23120221 Sótt er um stöðuleyfi fyrir 27 m² gám með salernisaðstöðu fyrir skíðasvæði Ártúnsbrekku.
Gámurinn verður staðsettur ca. 20 metra sunnan við núverandi hús.
Gámur notaður sem geymsla á skíðabúnaði á lóð nr.15 við Rafstöðvarveg.
Gjald. kr.15.400.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
38. Rauðarárstígur 27 - USK23030371 Sótt er um leyfi til að innrétta 18 íbúðir á 2., 3. og 4. hæð, fjölga fasteignum og byggja hjóla- og vagnaskýli austan við hús á lóð nr. 27 við Rauðarárstíg.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa (SN21609) dags. 4. nóvember 2021, greinargerð brunahönnuðar dags. 28. mars 2023, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. júlí 2023, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2023 og greinargerð frá teiknistofunni Storð vegna lóðarhönnunar dags. 24. október 2023. Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Rauðarárstíg 25 og 31 og Þverholti 14 og 18, frá 8. desember 2023 til og með 9. janúar 2024. Engar athugasemdir bárust.
Stækkun, Mhl. 02, A-rými: 28,7 ferm., 81,8 rúmm., B-rými: 15,6 ferm.
Stærð eftir breytingar,
Mhl. 01: A-rými 2.129 ferm., 6.558,5 rúmm. , B-rými 118,6 ferm.
Mhl. 02: A-rými 28,7 ferm., 81,8 rúmm., B-rými 15,6 ferm.
Gjald kr. 14.000.. USK23030371
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.
Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri

eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

39. Rofabær 32 - USK23120163 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059436 með því að breyta innra skipulagi í kirkju á lóð nr. 32 við Rofabæ.
Gjald kr. 15.400.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
40. Rökkvatjörn 1 - USK23100170 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059580, með síðari breytingu BN060426, og innréttu veitingastað í flokki II tegund c fyrir alls 30 gesti í rými 0022, gera sér sorpgeymslu með aðgengi utanfrá í suðausturhorni rýmis 0022, minnka hjólageymslu, rými 0029, til að koma fyrir geymslu, rými 0033, í eigu veitingastaðar, jafnframt því sem skráningartafla og rýmisnúmer eru uppfærð fyrir fjölbýlis- og atvinnuhús, mhl.05, á lóð nr. 1 við Rökkvatjörn.
Erindi fylgir tölvupóstur er varðar samþykki meðeigenda dags. 13. desember 2023 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 7. desember og 18. janúar 2022
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og athugasemda.
41. Selásbraut 98 - USK24010017 Sótt er um leyfi til þess að byggja 3-4 hæða fjölbýlishús ásamt kjallara með 25 íbúðum og verslun- og þjónustu á jarðhæð á lóð nr. 98 við Selásbraut.
Nýtt deiliskipulag vegna fyrirhugaðrar stækkunnar lóðar er í auglýsingu
Stærð: 3.387.3 ferm., 8818.0 rúmm.
Nýtingarhlutfall. 1.28
Erindi fylgir greinargerð Öruggh ehf um brunahönnun dags. 7. júlí 2023, mæliblað 4.385.9 dags 13. febrúar 1995 og hæðablað dags. 20. júní 2023.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.
42. Skarfagarðar 8 - USK23120166 Sótt er um leyfi til þess að byggja fjölnota móttöku- og þjónustumiðstöð fyrir skemmtiferðaskip, sem utan ferðatímabils verður mögulega nýtt til viðburðahalds skv. ákvæðum um veitingahús í flokki II á viðskipta- og þjónustulóð nr. 8 við Skarfagarða.
Stærð: 6.113.4 ferm., 33.442.6 rúmm.
Nýtingarhlutfall: 0.32
Erindi fylgir greinargerð frá Trivial ráðgjöf um hljóðvist dags. í nóvember 2023 og greinargerð Brunahönnunar sfl. um brunahönnun dags. 11. desember 2023.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.
43. Skarfagarðar 8 - Niðurrif - USK23120192 Sótt er um leyfi til þess að rífa þjónustumiðstöð og spennistöð Faxaflóahafna á þjónustu- og viðskiptalóð nr. 8 við Skarfagarða.
Erindi afgreiðsist samhliða byggingarleyfisumsókn USK23120166 þar sem sótt er um uppbyggingu nýrrar þjónustumiðstöðvar og USK23120204 umsókn um nýja spennistöð.
Stærð niðurrifs: 362.5 ferm., 1.385.8 rúmm.
Erindi fylgir ódagsett áætlun ÍAV um niðurrif og förgun.
Gjald kr. 14.500.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
44. Skólavörðustígur 19 - USK23110226 Sótt er um leyfi til að lækka gólf 1. hæðar á lóð nr. 19 við Skólavörðustíg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Stærð:

Fyrir breytingu: Kjallari 196,9 rúmm. 1.hæð 475,8 rúmm.

Eftir breytingu: Kjallari 193,9 rúmm. 1.hæð 478,8 rúmm.

Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Skólavörðustígur 8 - USK23120073 Sótt er um leyfi fyrir breytingu á innra skipulagi rými 0206 og 0207 á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.
46. Skúlagata 30 - USK23120074 Sótt er um leyfi til að fjarlægja byggingarluta ofan botnplötu 1. hæðar atvinnuhúss á lóð nr. 30 við Skúlagötu.
Erindi fylgir bréf um losunarstuðul byggingarluta sem fjarlægðir verða, dags. 11. desember 2023, fylgibréf dags. 11. janúar 2024, greinargerð um lífsferilsgreiningu Skúlagötu 30 frá KPMG, ódagsett og áætlun um meðhöndlun á byggingar- og niðurrífsúrgangi dags. 11. janúar 2024.
Gjald kr. 14.500.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
47. Spítalastígur 4A - USK23110280 Sótt er um leyfi til þess að byggja staðsteypt og klætt utan með bárujárnri parhús á tveimur hæðum auk kjallara, með alls fjórum íbúðum, tvær í húsi á lóð nr. 6B og tvær í húsi á lóð nr. 4B við Spítalastíg.
Afgreiðist samhliða erindi USK23110281.
Erindi fylgir óþinglýst mæliblað dags. 23. nóvember 2023 og hæðablað samþykkt 27. nóvember 2023.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.
48. Spítalastígur 6A - USK23110281 Sótt er um leyfi til þess að byggja staðsteypt og klætt utan með bárujárnri parhús á tveimur hæðum auk kjallara, með alls fjórum íbúðum, tvær í húsi á lóð nr. 4B og tvær í húsi á lóð nr. 6B við Spítalastíg.
Afgreiðist samhliða erindi USK23110280.
Erindi fylgir óþinglýst mæliblað dags. 23. nóvember 2023 og hæðablað samþykkt 27. nóvember 2023.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Vísað til athugasemda.
49. Spóahólar 14 - USK24010004 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri einangrun og klæðningu á austurhlið og endurnýjun á svalahandriðum fjölbýlishúss á lóð nr. 14 við Spóahóla.
Erindi fylgir mæliblað dags. 9. mars 1977 og hæðarblað.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.
50. Stórhöfði 44 - USK24010006 Sótt er um heimild til að festa fjarskiptaloftnet á austurhlið byggingar á lóð nr. 44 við Stórhöfða.
Erindi fylgir umboð eiganda dags. 5. desember 2023.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.
51. Sólvallagata 79 - USK23120209 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058402, meðal annars þykkja milliveggi vegna lagna og gera ný inntaksrými í kjallara í fjölbýlishúsi á lóð nr. 79 við Sólvallagötu.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

52. Tjarnargata 37 - USK23040196 Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja verönd/pall við suðurhlið og gera þaksvalir á skála við vesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 37 við Tjarnargötu.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 23. febrúar 2023 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2023 fylgir erindi.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda
53. Tryggvagata 14 - USK24010018 Sótt er um heimild til koma upp fjarskiptalofneti á húsi á lóð nr. 14 við Tryggvagötu.
Erindi fylgir umboð eiganda dags. 22.6.2023.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.
54. Túngata 20 - USK24010003 Sótt er um leyfi til að breyta ytra og innra formi einbýlishúss á lóð nr. 20 við Túngötu.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 13. desember 2023
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.
55. Úlfarsfell II - USK23110174 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23030071 þannig að eldri byggingar verða teknar niður og endurbyggðar, bætt við anddyri á vesturhlið og kjallari dýpkaður í húsi Úlfarsfelli II.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags, 4. október 2023 og ástandsskýrsla dags. 1. september 2023.
Stækkun: 15,4 ferm.
Eftir stækkun: 353,9 ferm., 1.364,5 rúmm.
Gjald kr. 14.500.
Frestað. Lagfæra skráningu.
56. Vatnagarðar 8 - - BN058922 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra fyrirkomulagi og brunavörnum í hluta rýma í húsi á lóð nr. 8 við Vatnagarða. Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti af aðalteikningum stimpluðum 10. febrúar 2015 og afrit af teikningum samþykktum 24. nóvember 2020. Gjald kr. 12.100.
Frestað. Vísað til athugasemda.
57. Vesturhólar 11 - USK23120149 Sótt er um leyfi til að breyta og stækka glugga á suðurgafli í hurð á lóð nr. 11 við Vesturhóla.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 15.400.
Frestað. Vísað til athugasemda.

Ýmis mál.

58. Kjalarnes - Grundarhverfi - Jörfi - 32.471 - USK23090236 – Lóðauppdráttur. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
59. Undraland 1 - USK23100322Lóðablað. USK23100322 – Lóðauppdráttur. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 11:45

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Sigrún Reynisdóttir